

Bæjarráð Hafnarfjarðar
Strandgötu 6
220Hafnarfirði

Hafnarfirði 2.12.2014

Málefni HS Veitna hf.

Vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar bæjarsjóðs fyrir 2015 og umræðna um breytingar á fjármagnsskipan fyrirtækisins vill undirritaður koma neðangreindum upplýsingum á framfæri við bæjarráð.

Undirritaður hefur setið í Stjórn HS Veitna hf. frá því Hitaveitu Suðurnesja hf. var skipt upp í HS Orku hf og HS Veitur hf. Ég hef jafnframt verið formaður þriggja manna endurskoðunarnefndar stjórnarinnar sem fjallar ítarlega um fjárhagsáætlanir, ársuppgjör, áhættumat og fleiri þætti svo sem fjármagnsskipan og ábyrga arðgreiðslustefnu. Þar sem ég á ekki lengur sæti í bæjarstjórn og bæjarráði set ég nú fram þessar upplýsingar skriflega, en er að sjálfsögðu reiðubúinn til að mæta á fund bæjarráðs og gera frekar grein fyrir málefnum fyrirtækisins.

HS Veitur annast dreifingu rafmagns á Suðurnesjum, Árborgarsvæði og í Hafnarfirði og Vestmannaeyjum, einnig sölu heits vatns á Suðurnesjum og í Vestmannaeyjum (fjarvarmaveita) og loks dreifingu kalds vatns til meirihluta íbúa Suðurnesja.

Rekstur félagsins hefur gengið vel og fjárhagur þess er sterkur. Hagnaður ársins 2013 nam 665,8 m.kr. og eigið fé var í árslok 9.840,5 m.kr. og eiginfjárlutfall 53 %. Gert er ráð fyrir að hagnaður aukist verulega á yfirstandandi ári, fyrst og fremst vegna lækkandi fjármagnskostnaðar og verði um 850 m.kr. Þrátt fyrir þetta er gjaldskrá fyrirtækisins lægri en hjá helstu samanburðaraðilum.

Samheldni hefur verið góð í stjórn fyrirtækisins og stefna þess verið mótuð í góðri samstöðu. Félagið leggur metnað í góða þjónustu á sanngjörnu verði, en jafnframt a traustan rekstur og fjárhag og sanngjarna arðgreiðslu til eigenda, eða sem nemur 2/3 af hagnaði hvers árs. Verði þessari stefnu haldið áfram mun arðgreiðsla til Hafnarfjarðar eftir næsta aðalfund verða um 87 m.kr. fyrir fjármagnstekjuskatt.

Hins vegar er til athugunar hvort breyta eigi fjármagnsskipan fyrirtækisins og lækka eigið fé þess þar sem opinberir reglur og eftirlitsaðilar nota viðmiðanir um eiginfjárlutfall sem er mun lægra en það sem er í reynd hjá HS Veitum, þegar svonefndur tekjurammi í rafmagnsreifingu er ákveðinn. Þetta myndi þýða útgreiðslu til eigenda, en fleiri en ein leið er til að framkvæma það sem undirritaður gæti fjallað nánar um á fundi ef eftir því er óskað.

Í hlutafélaögum sem þessu er kosið í stjórn til eins árs í senn á aðlafundi sem hjá HS Veitum er haldinn í mars ár hvert. Að ósk Reykjanesbæjar verður hins vega boðað til auka hluthafafundar síðar í þessum mánuði og ný stjórn þá væntanlega kosin.

Með góðum kveðjum



Eyjólfur Sæmundsson